

## fréttir



■ Söngsextettinn Toneka, þau Skarphéðinn, Habbí, Sibbí, Debbí, Rúna og Þór. (Ljósmynd Guðjón Einarsson)

## Önnur jammessjón Jassklúbbs Reykjavíkur:

## Tvær nemendahljóm-sveitir og söngsextett

■ Önnur jammessjón Jassklúbbs Reykjavíkur verður í Kvosinni í húsi Nýja bíós kl. 15.00 á morgun. Þar koma fram tvær hljómsveitir skipaðar nemendum í jassdeild Tónlistarskóla Félags íslenskra tónlistarmanna og nýstofnaður söngsextett, Toneka.

Aðra nemendahljómsveitina skipa Vilhjálmur Guðjónsson gítarleikari, Einar Bragi sem leikur á altsaxófon, Davíð Ólafsson trompettleikari, Óssur Geirsson básúnuleikari, Gunnar Jónsson slagverksleikari, Þorsteinn Gunnarsson trommuleikari og Skúli Sverrisson bassaleikari.

Hin hljómsveitin er skipuð þeim Helga Þór Ingvasyni píanóleikara, Einari Sigurðssyni bassaleikara, Gunnari Jónssyni trommuleikara og gítarleikur-

unum Vilhjálm Guðjónssyni, Leó Geir Torfasyni, Davíð Guðmundssyni og Jóhannesi Snorrasyni.

Loks kemur fram sveiflusveit undir stjórn Guðmundar R. Einarssonar trommuleikara, en honum til fulltíngis verður Gunnar Egilsson klarinettleikari, Árni Elvar á píanó, Jón Sigurðsson bassaleikari og Trausti Thorberg sem leikur á gítar.

Jassöngur hefur ekki verið iðkaður mikið á Íslandi hvað þá sextettsöngur en þau sem standa að þessu nýstárlega framtaki eru þau Þór, Habbí, Rúna, Sibbí, Dabbi og Skarphéðinn. Undirleik fyrir sextettinn annast Carl Möller á píanó, Árni Scheving bassaleikari og Alfred Alfredsson trommuleikari.

-JGK

## Hringur sýnir í Ásmundarsal og á Kjarvalsstöðum: 145 MYNDIR AÐ MESTU UNNAR SÍÐUSTU FJÖGUR ÁR

■ „Menn ráða því hvort þeir líta á þetta sem eina sýningu eða tvær, en það er orðið nokkuð langt síðan ég hélt sýningu síðast eða fjögur ár og ég vildi sýna það sem ég hef til að sýna í einu. Myndirnar eru flestar unnar á þessu tímabili.“ Eitthvað á þessa leið sagði Hringur Jóhannesson listmálari þegar hann spjallaði við blaðamenn á Kjarvalsstöðum í gær. Á laugardaginn kl. 14.00 verður opnuð sýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum og kl. 15.00 sama dag önnur sýning í Ásmundarsal á Freyju-götu, alls 145 myndir.

„Það er svolitill munur á sýningunum að því leyti að í Ásmundarsal sýni ég eingöngu olfymyndir, en hér á Kjarvalsstöðum er ég með myndir unnar með ýmiskonar efnum og tækni, olíupastel, krítarmyndir, bæði svartkrít og litkrít og svo er ég með í afhólfuðu plássi á ganginum nokkrar litlar myndir sem ég teiknaði á Kanaríeyjum fyrir tveim árum, nokkurs konar afleggjara. Ég var

þarna á sólarströnd í fyrsta sinn á ævinni og það var vissulega reynsla út af fyrir sig. Þarna var ekkert landslag, bara hótél, sundlaugar og fólk og auðvelt að sitja og teikna, það gerði enginn athugasemd við það, fólk var svo mikið út af fyrir sig og skipti sér ekki af þótt maður sæti og teiknaði það.“


Hringur sagði að myndir hans væru að miklu leyti unnar eftir móttífum, ýmist teiknaði hann upp móttífin eða ljósmyndaði þau, eða hvort tveggja, til að festa smáatriðin sem best í minni. Olfymyndirnar væru hins vegar að mestum hluta náttúrustemningar, unnar á staðnum.

Hringur er af þeirri kynslóð málara sem fékkst einkum við afstrakt myndlist á mótunarárunum, en hefur aldrei fengið við hana sjálfur. „Afstrakt listin var að halda innreið sína fyrir alvöru þegar ég var að ljúka námi upp úr 50 og á sjötta áratugnum voru þeir að mestu útskúfaðir sem voru að bjástra með náttúruna. Ég reyndi við afstraktmálverkið, en það

hentaði mér ekki svo að ég hætti, og ég sýndi ekki fyrr en 1962 í Bogasalnum. Þá voru menn að byrja að hverfa aftur frá afstraktinu og fígúratífr myndlist fór að vaxa fiskur um hrygg, sérstaklega um og eftir 1970. Nú, hún er auðvitað í sókn núna, með nýja málverkinu svokallaða, þessari endurvakningu á expressjónism- anum sem nú er að eiga sér stað.“

„Nei, það eru engar stórbreytingar hjá mér frá því sem áður var,“ segir Hringur og þegar maður gengur um salinn sér maður að hann er enn að yrkja sinn akur. Hringur er fæddur og uppalinn á Haga í Aðaldal og þar á hann vinnustofu og dvelur flest sumur. Þaðan eru líka flestar myndir hans upprunnar þótt það sé e.t.v. erfitt að greina, þær gætu verið úti í hvaða sveit sem er. Þarna er mikill gróandi, en sífellt eitthvað sem minnir á bjástur mannsins og lífsbaráttu, skuggar af fólk í sóllýstu grasi, skuggi af gömlum Farnal undir hlöðuvegg, stórt kýrjúgur sem fyllir upp myndflötinn með mjaltavélarkoppa hangandi á spennum. Oft er sjónum skoðandans beint á óvantan hátt að örliðu smáatriði, litlum hluta af verkefari, heysátu eða hundapúfu, sýnt svo skýrum dráttum að það er eins og maður sjái allt í einu kunnuglega hluti í spánnýju ljósi í gegnum stækunargler.

-JGK



■ Hringur Jóhannesson hjá einu verkanna á sýningunni Tímamynd Róbert

## Jón Óskar á Kjarvalsstöðum

■ Jón Óskar opnar í dag sýningu sína að Kjarvalsstöðum, austursal, en þar mun hann sýna 40 verk eftir sig, bæði málverk og ljósmyndir.

Jón Óskar er nýkominn heim úr

þriggja ára námi við New York School of Visual Arts en þar áður stundaði hann nám við bæði Myndlistar- og Handíðaskólann og Myndlistarskóla Reykjavíkur.

## Skólabókaverðir funda með skólastjórum og fræðsluráði:

# Ástandið gjörsamlega óviðunandi

■ „Gífurleg ónægja skólabókavörðar með fjárveitingar til skólasafna olli því að við sendum Fræðsluráði Reykjavíkur bréf, þar sem við mælum þessu ástandi og fundurinn núna er haldinn í framhaldi af þessu bréfi. Við boðuðum á hann alla skólastjóra í grunnskólunum í Reykjavík, meðlimi fræðsluráðs og fræðslustjóra. Við bókaverðir og skólastjórnir vorum sammála um það að ástandið væri gersamlega óviðunandi,“ sagði Sigurður Helgason skólabókavörður við Fellaskóla í samtali við blaðið, en skólabókaverðir boðuðu til fundar með ofangreindum aðilum um málefni skólabókasafna í Reykjavík.

„Það lýsir ástandinu kannski best að fjárveitingar til þessa málaflökks hafa staðið í stað í krónutölu síðan 1980. Það safn sem ég starfa við hefur t.d. fengið 100 þúsund krónur á ári síðan 1980, það þýðir að raungildi fjárveitingarinnar er ekki nema um 20% af því sem var fyrir fjórum árum.

Þetta bitnar mjög harkalega á starfi skólanna. Ef við tökum kennslu í Íslandssögu og samfélagsfræðum sem



■ Frá fundinum sem skólabókaverðir efndu til í gær í húsnæði bókasafns Langholtsskóla.

Tímamynd Róbert.

dæmi þar sem það er ofarlega á baugi nú, þá hefur kennslan í þessum greinum í auknum mæli færst inn á söfnin,

þar sem nemendur fá þjálfun í notkun handbóka og heimilda. Fjársveltið gerir það að verkum að við getum ekki

gert þá hluti sem áhugi er á og aðstæður að öðru leyti bjóða upp á. Við verðum líka að gera okkur grein

fyrir því að það eru til börn sem þurfa mjög á bókasöfnunum að halda til að öðlast þjálfun í lestri, börn sem hafa ekki mikinn aðgang að bókum heima hjá sér. Í því sambandi verður að geta þess að þjónusta Borgarbókasafnsins við Breiðholtið er fyrir neðan allar hellur.“

Sigurður sagði að það safn sem hann starfaði við hefði starfað í um 10 ár og samkvæmt grunnskólalögum hefði átt að ná því markmiði á 10 árum að skólabókasöfn ættu 10 eintök af bókum á hvern nemanda. „Í mínum skóla vantar meira en helming á að það takmark hafi náðst,“ sagði Sigurður. „Það er auðvitað pólitískt mál að leysa þetta, þetta er spurning um að verja fé í eitt fremur en annað. Vilja menn t.d. frekar kaupa hlutabréf í Ísfilmi en bækur?“

Sigurður sagði formann fræðsluráðs hafa tekið mjög vel í erindi fundarins og lofað auknum fjárframlögum síðar á árinu. „Við metum þessi viðbrögð mikils og væntum þess að endir verði á, því að ekki kaupum við bækur fyrir loforð.“

-JGK